



Vetraráætlun 2018 – Breytingar á leiðakerfi

Engar breytingar verða gerðar á leiðakerfinu á höfuðborgarsvæðinu.

Breytingar sem taka gildi 19. ágúst 2018:

SUÐURNES

Leið 88

- Ferð kl. 14:15 á föstudögum frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Grindavíkur bætist við yfir vetrartímann.

Leið 89

- Ferð kl. 14:55 virka daga frá Miðstöð ekur aukalega að FS eins og ferðir kl. 16:03 og 17:03 hafa gert til að þjónusta þá nemendur sem búnir eru fyrr í skólanum.

Breytingar sem taka gildi 9. september 2018:

SUÐURLAND

Leið 51

- Ekin verður ein ferð á dag til og frá Höfn í Hornafirði.

Leið 52

- Vegna vetraráætlunar Herjólfss mun ferð kl. 12:00 frá Mjódd mun einungis aka að Hvolsvelli og ferð sem fór kl. 14:36 frá Landeyjahöfn mun einungis aka frá Hvolsvelli kl. 15:09. (Vert er að hafa í huga að breytingar verða á rekstraraðila á Herjólfri þegar nýr Herjólfur kemur til landsins, sem er áætlað í október en getur tafist. Mögulega verða breytingar á áætlun þegar ný rekstraraðili tekur við).

Leið 75

- Tilfærslur á ferðum sjá tímatöflu. Hvorki er ferðum bætt við né fækkað.

VESTUR- OG NORÐURLAND

Leið 57

- Ferð sem fór alla daga frá Mjódd til Akureyrar kl. 9, ekur aðeins að Borgarnesi á fimmtudögum. Ferð sem ók alla daga frá Akureyri kl. 16:20, ekur aðeins frá Borgarnesi kl. 21:28 og að Mjódd.

Leið 58

- Eknar verða tvær ferðir á dag alla daga nema þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga á milli Stykkishólms og Borgarness.

Leið 59

- Ekið verður milli Borgarness og Búðardals miðvikudaga, föstudaga og sunnudaga og milli Borgarness og Hólmavíkur á föstudögum og sunnudögum.

Leið 81

- Akstur hefst að nýju, óbreytt áætlun frá fyrri vetri.

Leið 82

- Eknar verða tvær ferðir alla daga nema þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga á milli Stykkishólms og Hellissands.

Leið 83

- Einungis verða eknar tvær ferðir á laugardögum á milli Hvammstanga og Hvammstangavegar.

Leið 84

- Einungis verða eknar tvær ferðir á laugardögum á milli Blönduóss og Skagastrandar.

NORÐUR- OG NORÐAUSTURLAND

Leið 56

- Einungis verður ekið mánudaga, þriðjudaga, föstudaga og sunnudaga á milli Akureyrar og Egilsstaða.

Leið 79

- Engin akstur á laugardögum.